

Góðan daginn.

Takk fyrir að koma svona mörg, og sýna með því, hversu mikilvæg sú umræða sem hér á sér stað, er í okkar samfélagi.

Ég ætla að byrja á að fara stuttlega yfir, hvað mér finnst um húsnæðismál almennt.

Ég ætla þó að nota meginhluta tímans, sem mér er úthlutaður hér, til að segja ykkur frá þeirri vegferð, sem við dóttir mín höfum verið í síðustu ár, varðandi búsetumál hennar.

Húsnæðismál, þar sjáum við að oft er það þannig, sérstaklega hjá þeim sem ekki hafa haft launatekjur, svo neinu nemi á æfinni, að fötlun = fátækt. Þessi hópur hefur mjög takmarkaða möguleika, á að koma sér upp húsnæði. Þess vegna, er mjög mikilvægt að fatlað fólk hafi aðgang að félagslegu húsnæði, til jafns við aðra.

Í því samhengi má benda á, að mikið er til af tómu íbúðarhúsnæði, amk á höfuðborgarsvæðinu. Íbúðalánasjóður, bankar og sjóðir, eiga mikið af húsnæði, sem að hluta til amk stendur tóm og ónotað. Þarna gætu legið tækifæri, til að taka á langtímaleigu húsnæði, sem nýta mætti fyrir þá sem þurfa á aðstoð að halda, við að koma sér þaki yfir höfuðið, og vinna þannig aðeins í biðlistunum.

Hvað varðar fatlað fólk, er fjármagn sveitarfélaga því miður enn að miklu leyti bundið við steypu, það þarf að búa í húsnæði á vegum sveitarfélaganna, eða annara þjónustuveitenda, til að fá þá þjónustu, sem það á rétt á, og er þeim nauðsynleg.

Enn er mjög erfitt að fá þjónustu, á þeim stöðum þar sem fólk kys að búa, vilji það stíga út fyrir búseturammana, sem skilgreindir eru af fjármagnsveitendum, og má segja að margir hafi ekki raunverulegt val, um hvernig aðstæður þeir vilja búa við.

Ég leyfi mér að fullyrða, að fjármagnsveitendur, eru almennt ekki tilbúnir að gefa fötluðu fólk val um búsetu, nema innan þeirra steypukassa, sem þeir hafa sjálfir yfir að ráða.

Allt of algengt er, að fólk sé dæmt í sértæk búsetuúrræði, þar sem margir búa saman, því þeir hafa hreinlega ekki efni á að búa einir, og verða þess vegna, að búa öll sín fullorðinsár, á einhversskonar heimavist.

Mig langar líka að vekja athygli á því, að það þarf ekki sérhannað húsnæði, nema fyrir lítinn hluta þess hóps, sem við erum að ræða um hér í dag.

Langflestir, þurfa ekki á neinum sérlausnum að halda, varðandi aðgengi og þess háttar. Það er því alls ekki nauðsynlegt, að allir búsetukostir séu sér byggðir og hannaðir fyrir einhversskonar sérþarfir, þó það sé auðvitað nauðsynlegt að slíkt sé til staðar fyrir þá sem þurfa.

Nú ætla ég að snúa mér að því sem ég þekki miklu betur en það sem ég hef verið að tala um hingað til, nefnilega dóttur mína, og hennar baráttu við að fá að skapa sér sitt eigið heimili.

Spila klipp.

https://www.youtube.com/watch?v=0n_Ty_72Qds

Þessi klippa, lýsir betur en mörg orð, því sem mér finnst við stundum mæta í „kerfinu“. Það er rétt að taka fram, að með því að smella þessu á, er ég bara að benda á, að tölvan í þessu tilfelli, er þessi þoka, sem virðist vera á bak við margar skrítnar ákvarðanir og reglur í kerfum, eins og hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Mjög erfitt, er að fá upplýsingar, um hver ber ábyrgð og tekur ákvarðanir í kerfum sem þessum, og hef ég oft líkt þessu við ský eða þoku, sem nánast ógerningur er að komast í gegn um.

Með því, á ég við vegginn, sem er á milli þeirra sem við hittum, og höfum aðgang að, og þeirra sem síðan taka ákvarðanirnar.

Ég hef sem betur fer aldrei mætt öðru, en hjálpssemi og elskulegheitum, hjá móttökufulltrúum, og öðru starfsfólki á gólfinu hjá Velferðarsviði, þannig að gagnrýnin snýr svo sannarlega ekki að þeim.

Nú kemur saga dóttur minnar, ég er eiginlega betri í að segja sögur, en að halda fyrirlestra.

Nú langar mig að nota tímann, til að segja ykkur dæmisögu af því, hvernig það gengur fyrir sig, fyrir unga konu, að reyna að fá að búa á þeim stað sem hún kys, og fá þangað þá þjónustu, sem hún þarfnast og á rétt á.

Ég hef trú á, að fleiri séu í svipuðum sporum, í einni eða annari mynd, og að sagan hafi því víðari skírskotun. Í raun held ég, að hún lýsi ansi vel baráttu margra, fyrir að fá að lifa sínu lífi, á eigin forsendum, í stað þess að lifa á forsendum allskonar kerfa, sem við höfum búið til í samfélaginu.

Dóttir mín, hefur alltaf fengið þjónustu utan heimilis, að langmestu leyti, þar til fyrir um 2 árum.

Hún fór í dagvistun mjög ung, hún fór á skammtí mavistun, hún fór til stuðningsfjölskyldu, hún var alltaf í allskonar þjálfun, og þjónustu út um allan bæ, en ég man ekki eftir nema örfáum skiptum, þar sem þjónustan, kom heim til hennar.

Hún fær enn meirihluta þjónustu sinnar utan heimilis, þó að miklar breytingar hafi orðið nú síðustu ár.

Dóttir mín hefur nú stofnað sitt eigið heimili, og býr í eigin íbúð, og fær þangað þá þjónustu sem hún þarf, samkvæmt beingreiðslusamningi við Reykjavíkurborg. Hljómar vel, ekki satt?

EN, bara aðra hverja viku, hún býr nefnilega á skammtí mavistun fyrir ungmenni yngri en 18 ára, aðra hverja viku, þó hún sé nú orðin 19 ára.

Allir þeir sem þekkja til dóttur minnar, hvort sem það eru læknar, sálfræðingar, ráðgjafar, atferlisfræðingar, eða ættingjar og vinir, eru sammála um, að það sé slæmt fyrir hana að búa á tveimur stöðum, og að það henti henni best að búa einni.

Það kemur miklu róti á líf hennar, að vera sífellt að færa sig milli staða, hún þarf að kynnast miklu fleira fólki, sem veitir henni þjónustu, miklu erfiðara er að halda samfelli í ýmsu, sem tengist daglegum störfum og þörfum hennar, og svo mætti lengi telja.

Dóttir mín, þarf að hafa hjá sér aðstoðarfólk allan sólarhringinn, sama hvar hún er. Hún þarf einstaklingsþjónustu, hvort sem er á nóttu eða degi.

Í umsókn um Notendastýrða persónulega aðstoð, sem hún sótti um, þegar tilraunaverkefnið um hana fór af stað, eru þjónustuparfir hennar mjög vel skilgreindar, og allir aðilar sammála um þær.

Þá er komið að því skemmtilega, peningunum. Þeir sem þekkja til, vita hvað nú er í vændum.

Við höfum hlustað á langar ræður um það, hvað það sé hræðilega dýrt fyrir fyrst ríkið, og nú sveitarfélagið, að dóttir mín hafi fæðst, og hvað það sé rosalega erfitt, að mæta þörfum allra sem þurfa á félagslegri aðstoð að halda, kröfurnar séu endalausar, og alltaf sé verið að bæta í.

Embættismenn og stjórnámálamenn, hafa varið mörgum klukkustundum, af sínum dýrmæta tíma, til að segja okkur í persónulegum samtölum, hvað þetta sé nú dýr málaflokkur, og hvað það sé erfitt að eiga við þetta allt saman.

Undir þessu höfum við setið, vitandi það að dóttir mín, er sennilega með kostnaðarsamari einstaklingum þessa kerfis.

Ég sá reyndar nýlega tölur, um hvað kostar að hafa fólk í fangelsi, tveir fangar, kosta samfélagið nokkurn veginn jafn mikið, og sú þjónusta sem dóttir mín á rétt á hjá borginni.

Það sem er sérstakt við þá baráttu, sem við stöndum nú í, og við höfum varla lent í áður, á þeim 19 árum, sem við höfum verið að vinna með, óteljandi opinberum aðilum, að ekki er verið að ræða um þjónustuparfir, það eru allir aðilar sammála um hverjar þær séu.

Og, takiði nú vel eftir, það er heldur ekki verið að deila um peninga.

Beingreiðslusamningurinn, sem gildir aðra hverja viku, þegar dóttir mín býr í sinni íbúð, dugir með útsjónarsemi, fyrir þeim kostnaði, sem verður til þá viku. Samkvæmt útreikningum okkar, eftir upplýsingum, sem við höfum aflað okkur, og fengið staðfestar, hjá embættisfólki borgarinnar, er kostnaðurinn, við að hún búi aðra hverja viku á skammtí mavistun, nánast sá sami, og beingreiðslu-samningurinn fyrir heimavikuna hljóðar upp á.

Þá kemur rúsinan í pylsuendanum.

Reykjavíkurborg, er ekki tilbúin, að leyfa dóttur minni, að nýta fjármunina, sem þeir eru nú þegar, að greiða fyrir þjónustu hennar, á þann hátt, sem henni og öllum sem að henni standa, hvort sem það eru sérfræðingar eða fjölskylda, telja best.

Þeir sem ráða í borginni, vilja heldur, að hún flytji milli stofnunar á vegum borgarinnar, og síns heimilis, aðra hverja viku. Frekar en að aðstoða hana, við að búa þar sem hún kys sjálf.

Ekki er um neinn kostnaðarauka að ræða fyrir borgina, heldur einungis það, að vinnureglur Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, leyfa ekki, að framkvæmd þjónustunar skuli vera með þessum hætti.

Semsagt, The computer says no!

Mig langar að lesa aðeins, upp úr stefnu borgarinnar í þessum málum.

Lesi slatta úr stefnunni hér.

Þessi stefna byggir á framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk, sem var samþykkt í Borgarstjórn, í janúar 2011.

Þessi stefna, var síðan staðfest á Velferðarsviði, og í Borgarstjórn, fyrir námvæmlega einu ári síðan. Þrátt fyrir það, er dóttir mín í þeirri sérkennilegu stöðu, að vera að fara í mál við Reykjavíkurborg, til að fá að búa á sínu eigin heimili.

Þetta var viðburðarríkur tími, því að í sömu viku og stefnan var samþykkt varð dóttir mín 18 ára, og okkur barst svar, um að reglur Velferðasviðs, leyfðu ekki að hún flytti á eigið heimili.

Stefnan er klár, þjónustumagnið er klárt, og peningurinn er til, og nú þegar í notkun fyrir hana, EN

Við höfum nú í um 3 ár, farið á óteljandi fundi, með þjónustufulltrúum, verkefnastjórum, forstöðufólki, sviðsstjórum, stjórnmalafólki og borgarstjórum.

Við höfum skrifað bréf og greinargerðir, við höfum hitt umboðsmann borgarbúa, við höfum sent inn umsóknir, við höfum aflað okkur ráðgjafar og lögfræðiaðstoðar.

Á þessari vegferð, höfum við hitt mikið, af kurteisu, skilningsríku og vel meinandi fólki, sem segist allt vilja fyrir dóttur mína gera.

En því miður, gerist bara ansi lítið.

Við erum aftur og aftur beðin að bíða, það sé nú verið að vinna í málunum, okkur hefur verið sagt að nú sé þetta að koma, en alltaf stoppar þetta á sama stað, í þokunni.

Við eigum það til í rökstuddu, skriflegu svari frá borginni (sem við reyndar fengum ekki, nema með aðstoð lögfræðings) að vinnureglur velferðarsviðs borgarinnar, heimili ekki, að dóttir mín, fái aðstoðina sem hún á rétt á, og fær nú þegar, heim til sín.

Það er þess vegna óhætt að fullyrða, að vinnureglurnar, eru svo sannarlega ekki að spila með stefnunni, sem við glugguðum í áðan.

Við höfum sagt að okkur sé nákvæmlega sama, hvað þjónustuformið heitir.

Okkar vegna, má Velferðarsvið borga laun starfsfólksins, og sjá um skipulagið.

Notendastýrð persónuleg aðstoð, fínt.

Beingreiðslusamningur, frábært.

Okkur er bara alveg sama, dóttir mín, vill bara fá að búa á sínu eigin heimili, punktur.

Núna, árið 2015, er sem sagt staðan þannig að dóttir mín, er búin að fá gjafsókn samþykkt, og lögmaður hennar, er að leggja lokahönd á stefnu, sem verður lögð fram bráðlega.

Vonandi sér Reykjavíkurborg að sér, og lagar vinnureglurnar sínar, þannig að tölvan, geti sagt já en ekki nei, áður en í dómssalinn er komið, en ef ekki, þá hefur þetta mál sinn gang í dómskerfinu.

Ég bara trúi því ekki, að kjarkur kjörinna fulltrúa Reykjavíkurborgar, sé ekki meiri en svo, að þeir leiðrétti ekki, þessar ósanngjörnu, gamaldags, ómannúðlegu og hamlandi reglur, sem ganga þvert á stefnu þeirra sjálfra, og, það sem alvarlegast er, brjóta mannréttindi á þegnum Reykjavíkurborgar, þannig að Salbjörg dóttir mín, geti búið á sínu eigin heimili.

Reglur eru jú mannana verk ekki satt.

Takk fyrir að hlusta.